

Það er eins og heimurinn sé mannláus utan þessa eina. Það er að líkindum Júlíanus keisari. Sá er reisa vildi á stofn aftur, fræði, frægð og glæsímennsku hinnar fornu tíðar. Keisarinn, er lúta varð fyrir Galíleanum.

Og eftir það sjáum vér til manna, einsamalla eða í hópum ofan með bökkum þessarar miklu tímans elfu. En eftir því sem nær oss dregur eru hóparnir stærri og skýrari, unz að undir vorn dag er komið, að ekkert sýnist skorta á það annað, en það, að þeir fái heyrt orð vor eða tekið í hönd vora, svo nær sýnast þeir vera, svo glögt sjáum vér þá.

Og yfir þetta liðna ár eru allir viðburðir svo skýrir, að þeir standa ljóslifandi fyrir oss í kvöld. Yfir suma þeirra hlýtur þó að fynast eftir því sem árin fjölga hédan af, og það jafnvel marga þá er oss þykja miklum nýmælum sæta eða vera mjög efnisríkir. Innan lítils tíma eru þeir margir gleymdir, því þeir voru aldrei neitt, eða í það ítrasta að eins skuggar er köstuðust á veginn. En vér vitum hversu fer með skuggana á daginn. Það er léttast að athuga þá á sumrin. Lítill skýhnoði skyggir fyrir sól, og frá honum kastast örlítill skuggi til jarðar. En umhverfis skuggann er ljósið og birtan og fegurðin, og svo langt sem augað eygir yfir jörð. Á samri stund feykir örlítill vindblær skýhnoðranum í burt og skugginn ekur á burt með hraða og síðast hverfur með öllu, því skýið leysist sundur og getur ekki lengur skygt.

Ég man eftir börnum sem höfðu sér það til gamans að elta þessa skugga, reyna að vera alt af í skugganum. En hversu fljót sem þau voru fengu þau ekki haldið uppi við skuggann, sólin náði þeim.

Margir viðburðir liðna ársins eru eins og þessir skuggar, horfnir, fyrnt yfir þá og sjást ekki, og verða einskis metnir er fram líða tínar, meðal þeirra er neðar standa við straum tímans. Og það margir þeirra er oss þykir mikils um vert. En oss þykir það mest vert um þá viðburði er oss sjálfa snerta hvað mest. Þeir eru allir smámunir í heiminum. Og þó vér viljum þreyta hlaup og standa í skugganum, þá nær sólin oss samt.

Svo er með alt það er hefir glatt oss eða hrygt. Hafi gleðin